

DV



- 16.00 **Iþróttabátturinn.** Svipmyndir frá íþróttavörðum vikunnar og umfjöllun um Íslandsmótið í knattspyrnu.
- 17.00 **Íkorninn Brúskur (24).** Teiknimyndaflokkur í 26 þáttum. Leikraddir Aðalsteinn Bergdal. Þýðandi Veturliði Guðnason.
- 17.30 **Páfi á Þingvöllum.** Bein útsending frá samkirkjulegri guðsþjónustu á Þingvöllum. Biskup Íslands og Þjóðkirkjan bjóða páfa og fóruneyti til guðsþjónustu með fulltingi íslenska lýðveldisins. Yfirskrift guðsþjónustunnar er „Kirkja Krists á Íslandi í þúsund ár“. Biskup Íslands, herra Pétur Sigurgeirsson, og Jóhannes Páll páfi II. predika og bjóða fyrir altari. Séra Heimir Steinsson, prestur á Þingvöllum, flytur inngangsörð. Séra Kristján Búason, formaður Samstarfsnefndar kristinna trúfélaga, Torfi Ólafsson, formaður Félags kaþólskra leikmanna, og herra Al Jolson, biskup kaþólskra, annast ritningarlestur. Blandaður kór og barnakór syngja ásamt hljómsveit undir stjórn Glúms Gylfasonar. Séra Bernharður Guðmundsson lýsir í beinni útsendingu. Stjórn útsendingar Andrés Indriðason.
- 18.50 **Táknmálfréttir.**
- 18.55 **Háskaslóðir (Danger Bay).** Kanadískur myndaflokkur. Þýðandi Jóhanna Jóhannsdóttir.
- 19.30 **Hringrás.** Dagskrá frá fréttastofu sem hefst á fréttum kl. 19.30. Síðan fjallar Sigurður G. Tómasson um fréttir vikunnar og Jón Órn Marinósson flytur þjóðmálapistil.
- 20.30 **Lottó** - framhald.
- 20.35 **Réttan á röngunni.** Gestþraut í sjónvarpsal. Umsjón Elísabet B. Þórisdóttir. Stjórn upptöku Þór Elís Pálsson.
- 21.05 **Fyrirmyndarfaðir (Cosby Show).** Bandarískur gamanmyndaflokkur um fyrirmyndarfaðurinn Cliff Huxtable og fjölskyldu hans. Þýðandi Guðni Kolbeinsson.
- 21.30 **Fólkið í Landinu.** Svipmyndir af Íslendingum í dagsins önn. - Hún varð amma 34 ára og finnst fisklyktin rómantísk. Rétt við Valgerði Sigurðardóttur fiskverkunarkonu. Umsjón Sigrún Stefánsdóttir.
- 21.50 **Leiftur liðinna daga (Rosie: The Rosemary Clooney Story).** Bandarísk blómmynd frá 1982. Leikstjóri Jackie Cooper. Aðalhlutverk Sondra Locke, Tony Orlando, Penelope Milford og Katherine Helmond. Bandaríska söngkonan Rosemary Clooney náði miklum vinsældum á sjöunda áratugnum. Hún átti erfitt með að þola álagið sem fylgdi frægðinni og eftir að hafa fengið taugaáfall var hún flutt á sjúkrahús til meðferðar. Myndin er byggð á sjálfssögu söngkonunnar. Þýðandi Yrr Bertelsdóttir.
- 23.25 **Sprengt á blöðrunni (Blow Out).** Bandarísk blómmynd frá 1981. Leikstjóri Brian De Palma. Aðalhlutverk John Travolta, Nancy Allen, John Lithgow og Dennis Franz. Hljóðmaður í kvikmyndaveri, sem er við upptöku utandyra, verður vitni að umferðarslysi. Hann kemst að því með hjálp hljóðupptökunnar að byssuskot lenti í bílnum í slysinu en á erfitt með að ná eyrum lögreglunnar með þessa sönnun sína. Þýðandi Gauti Kristmannsson.
- 01.00 **Útvarpsfréttir í dagskrárlök.**



- 9.00 **Með Beggu frænku:** Komið þið sæl og blessuð. Þátturinn í dag verður öðruvísi en venjulega því nú verðum við úti við. Það verður skemmtilegt að fara í leiki. Ég ætla að draga fimm ljósmyndir úr þeim sem þið hafið sent mér og þeir heppnu fá eitt-hvað skemmtilegt upp úr kistunni minni. Svo skoðum við teiknimyndirnar. Glófalvarnir, Óskaskógurinn, Snorkarnir, Tao Tao og Maja býfluga, sem er ný teiknimynd. Myndirnar eru allar með íslensku tali.
- 10.35 **Jógi.** Yogi's Treasure Hunt.
- 10.50 **Hinir umbreyttu.**
- 11.10 **Fálkaeyjan.** Falcon Island.
- 11.35 **Ljáu mér eyra...** Við endursýnum þennan vinsæla tónlistarþátt.
- 12.00 **Lagt í ann.** Endurtekinn þáttur.

- 12.30 **Stjörnuvíg IV.** Star Trek IV. Hin framtakssama áhöfn ætlar að þessu sinni að ferðast til 20. aldarinnar. Aðalhlutverk: William Shatner, Leonard Nimoy og DeForest Kelly.
- 14.30 **Ættarveldið.** Dynasty. Framhaldsþáttur.
- 15.20 **Monte Carlo.** Endurtekin ný bandarísk framhaldsmynd í tveimur hlutum um afdrif yfir-stéttarfélaks í Evrópu í kjölfar síðari heimsstyrjaldarinnar. Síðari hluti er á dagskrá á morgun. Aðalhlutverk: Joan Collins, George Hamilton, Malcolm McDowell og Peter Vaughan.
- 17.00 **Iþróttir á laugardegi.** Heilar tvær klukkustundir af úrvals íþróttafni, bæði innlendu og erlendu. Umsjón Heimir Karlsson og Birgir Þór Bragason.
- 19.19 **19:19.** Fréttir og fréttatengt efni ásamt veður- og íþróttafréttum.
- 20.00 **Páfinn á Íslandi.** Dagur í lífi páfa á Íslandi. Umsjón og dagskrárgerð: Sigurveig Jónsdóttir og Þórir Guðmundsson.
- 20.20 **Ruglukkollar.** Marblehead Manor. Snarruglaðir bandarískir gamanþættir með bresku yfirbragði.
- 20.45 **Fríða og dýrið.** Beauty and the Beast.
- 21.35 **I hefndarhug.** Positive I.D. Eiginkona og tveggja barna móðir verður fyrir skelfilegri líkamssárás.
- 23.10 **Herskyldan.** Nam, Tour of Duty. Spennuþáttaröð um herflokk í Vietnam.
- 0.00 **Kastalinn.** Riviera. Kelly, fyrrum starfsmaður alríkislögreglunnar, skrífur úr fylgsni sínu til að bjarga kastala föður síns í Suðurland. Hann uppgötvur sér til skelfingar að sött er að honum úr öllum áttum og hann á fótum sínum fjór að launa. Aðalhlutverk: Ben Masters, Elyssa Davalos, Patrick Bauchau og Richard Hamilton. Ekki við hæfi barna.
- 1.30 **Dagskrárlök.**



- 6.45 **Veðurfregin.** Bæn, séra Stína Gísladóttir flytur.
- 7.00 **Fréttir.**
- 7.03 **Góðan dag, góðir hlustendur.** Pétur Pétursson sér um þáttinn.
- 9.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
- 9.05 **Litli barnatíminn - Hanna Maria eftir Magneu frá Kleifum.** Bryndis Jónsdóttir byrjar lesturinn.
- 9.20 **Sígildir morguntónar.**
- 9.45 **Innlent fréttayfirlit vikunnar.**
- 10.00 **Fréttir.**
- 10.03 **Hlustendapjónustan.** Sigrún Björnsdóttir svarar fyrirspurnum hlustenda um dagskrá Útvarpsins og Sjónvarpsins.
- 10.10 **Veðurfregin.**
- 10.30 **Fólkið í Þingholtunum.** Fjölskyldumynd eftir Ingibjörgu Hjartardóttur og Sigrúnu Óskarsdóttur. Flytjendur: Anna Kristín Arngrímsdóttir, Arnar Jónsson, Halldór Björnsson og Þóris Arnljótsdóttir. Umsjón: Jónas Jónasson. (Einnig útvarpað á mánudagskvöld kl. 21.00.)
- 11.00 **Tilkynningar.**
- 11.05 **Í liðinni viku.** Umsjón: Sigrún Stefánsdóttir.
- 12.00 **Tilkynningar.** Dagskrá.
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Veðurfregin.** Tilkynningar.
- 13.00 **Hér og nú.** Fréttabáttur í vikulokin.
- 13.30 **Á þjóðvegi eitt.** Sumarþáttur með fróðlegu ívafi. Umsjón: Bergljót Baldursdóttir og Ómar Valdimarsson.
- 15.00 **Þetta vil ég heyra.** Leikmaður velur tónlist að sínu skapi, að þessu sinni Jón Thoroddsen.
- 16.00 **Fréttir.** Tilkynningar. Dagskrá.
- 16.15 **Veðurfregin.**
- 16.20 **Leikrit mánaðarins: Á sumardegum í jurtagaró eftir Don Haworth.** Þýðandi: Karl Guðmundsson. Leikstjóri: Karl Ágúst Ulfsson.
- 17.20 **Páfi á Þingvöllum.** Beint útvarp frá samkirkjulegri athöfn á Þingvöllum í tilefni af komu Jóhannesar Páls páfa II til Íslands. Jónas Jónasson og séra Sigurður Sigurðarson sóknarprestur á Selfossi kynna.
- 18.45 **Veðurfregin.** Tilkynningar.
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.20 **Tilkynningar.**
- 19.30 **Leikandi létt.** Ólafur Gaukur kynnr.
- 20.00 **Sagan: Vala eftir Ragnheiði Jónsdóttur.** Sigrún Edda Björnsdóttir byrjar lesturinn.
- 20.30 **Visur og þjóðlög.**
- 21.00 **Gestastofan.** Gunnar Finnsson ræðir við gesti í talstofu. (Frá Eglisstöðum.)
- 21.30 **Íslenskir einsöngvarar.** Sigríður Ella Magnúsdóttir syngur lög

- eftir Richard Strauss og Leif Þórarinnsson.
- 22.00 **Fréttir.** Orð kvöldins. Dagskrá morgundagsins.
- 22.15 **Veðurfregin.**
- 22.20 **Dansað með harmónikuunndum.** Saumastofudansleikur í Útvarps húsinu. Kynnir: Hermann Ragnar Stefánsson.
- 23.00 **Sólarlag** - Inga Eydal. (Frá Akureyri.)
- 24.00 **Fréttir.**
- 0.10 **Svölitið af og um tónlist undir svefninn.** Jón Órn Marinósson kynnr.
- 1.00 **Veðurfregin.**
- 1.10 **Næturútlit** á báðum rásum til morguns.



- 8.10Á **nýjum degi** með Pétri Grétarsyni.
- 10.03 **Nú er lag.** Gunnar Salvársson leikur tónlist og kynnr dagskrá Útvarpsins og Sjónvarpsins.
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Kæru landsmenn.** Blandaður þáttur með tónlist, viðtölum, ferðaupplýsingum og fleiri skemmtilegheitum. Kl. 15.00 byrja íþróttafréttamenn að segja frá síðari hálfleik í leik IA og Vikingsu í 1. deild karla í knattspyrnu. Umsjón: Berlind Björk Jónasdóttir og Ingólfur Margeirsson.
- 17.00 **Fyrirmyndarfólk** lítur inn hjá Lisu Pálsdóttur.
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.31 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
- 20.30 **Kvöldtónar.**
- 22.07 **Sibyllan.** Sjóðheitt dúndurpopp beint í græjurnar. (Einnig útvarpað nk. föstudagskvöld á sama tíma.)
- 0.10 **Út á lífið.** Anna Björk Birgisdóttir ber kveðjur milli hlustenda og leikur óskalög.
- 2.00 **Næturútlit** á báðum rásum til morguns.
- 2.05 **Eftirlætislögin.** (Endurtekinn þáttur frá þriðjudegi á Rás 1.)
- 3.00 **Róbatarokk.** Fréttir kl. 4.00.
- 4.30 **Veðurfregin.**
- 4.35 **Næturmótur.**
- 5.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
- 5.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
- 6.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
- 6.01 **Úr gömlum belgjum.**



- 9.00 **Ólafur Már Björnsson.** Það leykir sér ekki að helgin er byrjuð þegar Ólafur mætir á vaktina.
- 13.00 **Kristófer Helgason.** Leikir, uppákomur og glens taka völdin á laugardegi. Upphaldslög-in og kveðjur í síma 61 11 11.
- 18.00 **Bjarni Haukur Þórsson.** Laugardagskvöldið tekið með trompi. Óskalög og kveðjur í símu 68 19 00 og 61 11 11.
- 22.00 **Sigursteinn Másson** mættur á næturvaktina, næturvakt sem segir „6“. Hafði samband í síma 68 19 00 eða 61 11 11 og sendið vinum og kunningum kveðjur og óskalög á öldum helgarljósvakans í bland við öll nýjustu lögin.
- 2.00 **Næturdagskrá.**



- 9.00 **Sigurður Helgi Hlökkversson.** Fjórðingurinn. Hress en þægileg tónlist í morgunsárið.
- 13.00 **Margrét Hrafnadóttir.** Loksins laugardagur. Hressilegir þættir uppfullir af skemmtiefni, fróðleik, upplýsingum og góðri tónlist. Gestir koma í heimsókn og gestahljómsveitir Stjörnunnar leika tónlist í beinni útsendingu úr hljóðstofu. Stórgóðir þættir með hressu ryksugurokki og skemmtilegum uppákomum. Magga í sannkölleðu helgarstuði.
- 18.00 **Bjarni Haukur Þórsson.** Laugardagskvöldið tekið með trompi. Óskalög og kveðjur í símu 68 19 00 og 61 11 11.
- 22.00 **Sigursteinn Másson** mættur á næturvaktina, næturvakt sem segir „6“. Hafði samband í síma 68 19 00 eða 61 11 11 og sendið vinum og kunningum kveðjur og óskalög á öldum helgarljósvakans í bland við öll nýjustu lögin.
- 2.00 **Næturstjörnur.**



- 10.00 **Útvarp Rót í hjarta borgarinnar.** Bein útsending frá markaðinum í Kolaport, lítið á mannlífi í miðborginni og leikin tónlist úr öllum áttum.
- 15.00 **Af vettvangi baráttunnar.** Gömlum eða nýjum baráttumálum gerð skil.
- 17.00 **Laust.**
- 18.30 **Ferill og „Fan“.** Baldur Bragason fær til sín gesti sem gera upphaldshljómsveit sinni góð skil.
- 20.00 **Fés.** Unglingabáttur í umsjón Árna Freys og Inga.
- 21.00 **Sibyllan** með Jóhnesi K. Kristjánssyni.
- 23.30 **Rótardraugar.**
- 24.00 **Næturvakt**



- 17.00 **Vinsældavala Alfa.** Endurtekið frá miðvikudagskvöldi.
- 19.00 **Blessandi boðskapur í margvislegum tönnum.**
- 22.30 **KÁ-lykillinn.** Blandaður tónlistarþáttur með plötu þáttarins. Orð og bæn um miðnætti. Umsjón: Ágúst Magnússon. 00.30 **Dagskrárlök.**



- 4.30 **The Flying Kiwi.** Ævintýrasería.
- 5.00 **Poppþáttur.**
- 6.00 **Grínliðan.** Barnaþáttur.
- 10.00 **Iþróttabáttur.**
- 11.00 **Fjölbragðaglima.**
- 12.00 **It Happens Every Spring.** Kvikmynd.
- 14.00 **Planet of Apes.** Spennumyndaflokkur.
- 15.00 **50 vinsælustu lögin.**
- 16.00 **Litil kraftaverk.** Gamanþáttur.
- 16.30 **The Bionic Woman.** Spennumyndaflokkur.
- 17.30 **That's Incredible.**
- 18.30 **The Love Boat.** Gamanmynda-flokkur
- 20.30 **Kv mynd.**
- 21.30 **Fjölbragðaglima.**
- 22.45 **Poppþáttur.**



- 15.00 **High, Wild and Free.**
- 17.00 **A Chorus Line.**
- 19.00 **Broadway Danny Rose.**
- 21.00 **The Purple Rose of Cairo.**
- 22.50 **The Name Of The Rose.**
- 1.00 **The Big Easy.**



- 9.30 **Hornabolti.** Valin atríði úr leik í amerísku deildinni.
- 10.30 **Tennis.** Opna franska meistaramótið.
- 12.30 **Golf.** British Master.
- 14.30 **Tennis.** Opna franska meistaramótið.
- 15.30 **Iþróttakynning Eurosport.**
- 17.00 **Trans World Sport.** Fréttir og fleira.
- 18.00 **Tennis.** Opna franska meistaramótið.
- 20.00 **Golf.** British Master.
- 22.00 **Tennis.** Opna franska meistaramótið.



- 5.00 **Teiknimyndir.**
- 9.00 **Tónlist og tiska.**
- 10.00 **Tourist Magazine.** Ferðabáttur.
- 10.30 **Tónlist og tiska.**
- 11.00 **Hollywood Insider.**
- 11.30 **Tónlist og tiska.**
- 12.00 **Big Valley.** Framhaldsmyndaflokkur.
- 13.00 **Flying High.** Gamanþáttur.
- 14.00 **Wanted Dead or Alive.** Vestri.
- 14.30 **Tónlist og tiska.**
- 15.00 **Dick Turpin.** Ævintýramynd.
- 15.30 **Evrópulistinn.** Poppþáttur.
- 16.30 **Körufubolti.** Úrslitaleppnin í NBA.
- 17.30 **Tiskubáttur.**
- 18.00 **Lone Wolf and his Lady.** Kvikmynd.
- 20.00 **Twilight Zone.**
- 20.55 **Fréttakýringabáttur.**
- 21.30 **Impact.** Kvikmynd.
- 22.30 **Poppþónlist.**

Laugardagur 3. júní

Útvarp Rót kl. 15.00:

Á að banna La Barna?

Í þessum þætti af Vettvangi baráttunnar verður fjallað um klám. Tilefnið er lag með hljómsveitinni La Barna sem heitir Tennurnar hans afa. Lagið hefur notið mikilla vinsælda á Útvarp Rót en jafnframt hefur borist fjöldi kvartana frá fólki sem vill að lagið verði bannað þar sem það sé ekkert annað en klám og ætti ekki að heyrast á öldum ljósvakans. Löngum hefur verið deilt um það hvort leyfa eigi klám á opinberum vettvangi og eins hefur vafist fyrir mönnum að skilgreina hugtakið klám til hlítar. Í þættinum munu fulltrúar kvenréttindasamtaka, rithöfunda og unglinga ræða um það hvernig eigi að bregðast við klámi og hvernig beri að skilgreina þetta loðna hugtak. -Pá

Sjónvarp kl. 21.50:

Leiftur liðinna daga

Rosemary Clooney var geysivinsæl dægurlaga-söngkona fyrr á árum. Þessi bandaríska mynd er byggð á ævisögu hennar sem kom út eftir 1970. Rosemary hóf ung að skemmta ásamt Betty systur sinni en hóf fljótlega sjálfstæðan feril. Hjólaband hennar með leikaranum Jose Ferrer endaði með skilnaði og hún leiddist út í óreglu og ofneyslu róandi lyfja. 1968 brotnaði hún saman á sviðinu og var flutt á sjúkrahús með alvarlegt taugaáfall. Myndin rekur þær ástæður og atburði sem leiddu til erfíðleika hennar og skyggst er bak við tjöldin í skemmtanaheiminum þar sem engin gríð eru gefin og hver er sjálfum sér næstur. -Pá



Rosemary Clooney.



Travolta er þekktari fyrir leik sinn í diskó- og dansmyndum en þykir hér sýna skárra hlíðina á sjálfum sér.

Sjónvarp kl. 23.25:

Sprengt á blöðrunni

Þetta er ein af þekktari myndum Brians DePalma. John Travolta leikur hljóðmann í kvikmyndaveri sem kvöld eitt verður vitni að slysi þar sem hann er að taka upp ugluhljóð að næturlagi. Hann bjargar stúlku naumlega frá drukknun eftir að sprungið hefur á bil hennar. Þar með dregst hann óafvitandi inni flækju dularfullra atburða þar sem gifurlegir hagsmunir eru í húfi og mannslífin kostar lítið sem ekkert. Brian De Palma fæddist árið 1941 í Filadelfíu þar sem faðir hans var fótaskurðlæknir. Hann hefur einkum getið sér orð fyrir spennandi myndir sem oft eru blóðugri en gengur og gerist. Engu að síður dýrkar hann ekki obeldi vegna þess sjálfs heldur þykir hann beita því á verulega listrænan hátt. Meðal þekktustu mynda hans eru Dressed to Kill, Obsession, Carrie, The Fury. Diskótrílið Travolta þykir hér sýna betri leik en hann hefur gert fyrr og síðar. Með honum leika Nancy Allen og John Lithgow. -Pá

Stöð 2 kl. 21.35:

Í hefndarhug

Ung kona, tveggja barna móðir, verður fyrir þeirri skelfilegu reynslu að vera nauðgað. Atburðurinn greypist í huga konunnar og að ári liðnu er hún hætt að veita börnum sínum og eiginmanni nokkra athygli en gengur um eins og svefngengill, djúpt sokkin í ofneyslu lyfja. Í vanlíðan sinni leggur hún drög að ætlan sem hún heldur vandlega leyndri. Hún verður sér úti um nýtt fæðingarvottorð og nýtt öskuskírteini, skiptir um nafn, breytir útliti sínu og leigr sér íbúð úti í bæ. Til að fjölskyldan komist ekki að neinu stundar hún störf sín á heimilinu á daginn en bregður sér í hitt gervio á kvöldin. Persónurnar tvær eru eins og dagur og nótt og brátt kemur að því að önnur þeirra verður að vikja. Aðalhlutverk leika Stephanie Rascoe, John Davies, Steve Fromholz og Laura Lane. Leikstjóri er Andy Anderson. -Pá